

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 11. ágúst 2021  
UST202104-275/G.S.Á.  
08.06.02

**Varðar þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi nr 1 (400.01.00) í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Ísafirði**

Umhverfisstofnun barst þann 21. apríl sl. þykktarmælingar og segulsviðsskönnun á geymi í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Ísafirði. Geymirinn er nr. T1017, / nr. 1 (400.01.00) í birgðastöðinni á Ísafirði. Geymirinn er 1.000 rúmmetrar að stærð, frá árinu 1952 og er staðsettur í mengunarvarnarpó fólagsins við Mávagarð.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá NDT ehf. þann 25. mars 2021. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial no MK4-0016-A-TFS.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymirinn sé í ágætis ásigkomulagi að innanverðu og lítur afar vel út að utanverðu. Grunna pytti má finna á einstaka stöðum og komu þeir í ljós við þvott. Búið er að tvöfalda geyminn við kverk (100mm renningur) á byrðingi en að örðu leyti er ástand botns og hliða platna gott.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um prófanir á geyminum.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.  
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri